

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Skagafirði.

I. KAFLI

Hunda- og kattahald.

1. gr.

Hunda- og kattahald í þéttbýli í Skagafirði sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Þéttbýlisstaðirnir sem hér um ræðir eru: Sauðárkrúkur, Hofsóð, Hólar, Varmahlið og Steinsstaðir. Á þessum stöðum þarf að sækja um leyfi til hunda- og kattahalds til sveitarfélagsins. Umsækjendur verða að vera lögráða og búsettir í sveitarfélaginu. Leyfi er bundið við nafn, kennitölu og heimilisfang eiganda og er óheimilt að framselja það. Leyfi er einnig bundið við þann hund eða kött sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni. Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra hefur eftirlit með framfylgd samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Hundahald.

2. gr.

Leyfi til að halda hund er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. Áður en hundur sem stendur til að halda í fjöleignarhúsi er skráður ber umráðamanni að tryggja að hundahaldið sé í samræmi við ákvæði laga sem og reglna viðkomandi húsfélags.
- b. Eigendum hunda ber skylda til að færa hund sinn til dýralæknis til ormahreinsunar ár hvert og skal það skráð í heilsufarsbók dýrsins.
- c. Eigandi hunds skal hafa í gildi ábyrgðartryggingu sem skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda.
- d. Hundar skulu vera örmerktir og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata sem í er grafið skráningarnúmer hundsins sem gefið er út þegar sótt er um leyfi til sveitarfélagsins.
- e. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema nytjahunda þegar þeir eru að störfum og í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu að öðru leyti ávallt vera í taumi utanhúss og í fylgd manneskju sem hefur fullt vald yfir þeim. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum húss. Eiganda eða umráðamanni hunds er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- f. Eiganda eða umráðamanni hunds ber að sjá svo um að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.

g. Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem um getur í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, nema þess sé getið í ákvæðinu eða að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar. Framangreindir staðir eru eftirfarandi:

1. Sjúkrastofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og húsnæði sjúkraþjálfara.
2. Skólar og leikvellir.
3. Fangelsi.
4. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sund- og baðstaðir og heilsuræktarstöðvar.
5. Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrsstofur.
6. Samkomuhús, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
7. Gististaðir í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
8. Mötuneyti.
9. Sumarbúðir fyrir börn.
10. Almenningsamgöngutæki.

Heimilt er þó að fara með dýr inn á staði sem eru sérstaklega ætlaðir dýrum, svo sem snyrtistofur og sjúkrastofnanir fyrir dýr.

Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

h. Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

i. Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef um er að ræða ræktun hunda í atvinnuskyni.

Víkja má frá fyrimælum samþykktar þessarar sem banna eða takmarka umferð og dvöl hunda um tiltekna staði þegar um er að ræða þjónustuhunda svo sem sérþjálfaða leiðsögu- og hjálparhunda, björgunarhunda, löggæsluhunda.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal skila til sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Leyfishafi fær afhenta plötu sbr. ákvæði d-liðar í 2. gr. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar eftir útgáfu þess fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef hundurinn drepst eða flyst úr sveitarfélaginu.

4. gr.

Hunda sem ganga lausir utan húss í þéttbýli skal handsama og færa í sérstaka geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sama gildir um hættulega hunda og þá sem ekki hefur verið veitt leyfi fyrir. Gjöld skulu taka mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Heimilt er að afhenda hund úr geymslu sveitarfélagsins hafi viðkomandi fengið útgefið leyfi fyrir hundinum innan sjö sólarhringa frá því að hundurinn er kominn í vörslu eftirlitsmanns, enda hafi áfallinn kostnaður vegna handsömunar og geymslu hundsins verið greiddur af eiganda. Að öðrum kosti er heimilt að aflífa hundinn að sjö sólarhringum liðnum, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins ef unnt er.

Hunda sem hætta er talin stafa af, samanber þá sem ráðast á menn eða skepnur, skal tilkynna til lögreglu þegar í stað, fjarlægja þegar í stað og færa í vörslu þjónustumiðstöðvar. Séu slíkir hundar teknir í vörslu tekur heilbrigðisnefnd ákvörðun um það hvernig með þá skuli farið.

Ef hundur er ógnandi og hættulegur, mönnum eða dýrum, getur tjónþoli eða sveitarfélagið lagt fram kröfu til heilbrigðisnefndar um að hundurinn verði aflífaður eða honum fundin önnur úrræði. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfa sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um afdrif hunds er tekin. Heilbrigðisnefnd tekur ákvörðun um hvort aflífa skuli viðkomandi hund eða honum fundin önnur úrræði, sjá 8. gr.

III. KAFLI

Kattahald.

5. gr.

Leyfi er bundið við þann kött sem sótt er um leyfi fyrir hverju sinni. Leyfið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a. Um kattahald í fjöleignarhúsum fer samkvæmt lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994. Áður en köttur sem stendur til að halda í fjöleignarhúsi er skráður ber umráðamanni að tryggja að kattahaldið sé í samræmi við ákvæði laga sem og reglna viðkomandi húsfélags.
- b. Eigendur skulu sjá til að kettir séu hreinsaðir af ormum svo og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta, ár hvert.
- c. Eigandi kattar skal hafa í gildi ábyrgðartryggingu sem skal ná til alls þess tjóns, sem kötturinn kann að valda.
- d. Kettir skulu vera örmerktir og ávallt bera ól um hálsinn. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer kattarins sem gefið er út af sveitarfélaginu þegar sótt er um leyfi.
- e. Eiganda eða umráðamanni kattar ber að sjá svo um að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- f. Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- g. Óheimilt er að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef um er að ræða ræktun katta í atvinnuskyni.
- h. Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum er sveitarfélaginu heimilt að banna útiveru katta að næturlagi.
- i. Ekki má hleypa köttum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í 43. gr. reglugerðar 903/2024 um hollustuhætti, nema þess sé getið í ákvæðinu eða að fengnu tímabundnu leyfi sbr. 6. mgr. 43. gr. sömu reglugerðar. Um matvælafyrirtæki fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Ekki má heldur hleypa köttum inn í húsnæði vatnsveitna.

6. gr.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal skila inn til sveitarfélagsins á þar til gerðu eyðublaði. Leyfishafi fær afhenta plötu, sbr. ákvæði d-liðar 5. gr. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar eftir að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi. Leyfishafi skal tilkynna sveitarfélaginu ef kötturinn drepst eða flyst úr sveitarfélaginu.

IV. KAFLI

Um gjaldskrá hunda- og kattahalds.

7. gr.

Sveitarstjórn skal, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, setja gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds í þéttbýli í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskránni skal kveðið á um gjald til sveitarsjóðs vegna útgáfu og endurnýjunar leyfis til hunda- og kattahalds, en gjaldið skal greitt fyrir fram í fyrsta sinn við skráningu dýrs/dýra til næstkomandi maímánaðar og síðan árlega frá 1. janúar fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfi til hunda- og/eða kattahalds sjálfkrafa úr gildi.

Í gjaldskránni skal einnig kveðið á um greiðslu dýraeiganda á kostnaði vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari, svo sem handsömunargjalds.

Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, svo sem hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af hjálparhundum fatlaðra einstaklinga skal ekki greiða gjald.

8. gr.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Samkvæmt lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

Dýralæknum er einum heimilt að aflífa gæludýr, nema í neyðartilfellum skv. 15. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

V. KAFLI Eftirlit o.fl.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti, sem samþykkt þessi byggir á. Fulltrúi sveitarfélagsins í samstarfi við heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd hunda- og kattahalds í þéttbýli Skagafjarðar. Heimilt er að leita aðstoðar lögregluþyrvalda þegar þess er þörf.

Fulltrúi sveitarfélagsins skal gera skriflega skýrslu um þá hunda og ketti sem hann hefur afskipti af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal halda með skipulögðum hætti skrá um útgefin leyfi fyrir hunda og ketti. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Fulltrúi sveitarfélagsins skal árlega senda landbúnaðar- og innviðanefnd skrá yfir leyfða hunda og ketti.

10. gr.

Eigendur eða umráðamenn hunda og katta sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu. Hægt er að veita áminningu og tveggja vikna frest til úrbóta sé brotið talið minniháttar. Ef eigandi eða umráðamaður hunds eða kattar vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hunda- og kattahald getur sveitarfélagið afturkallað útgefið leyfi til hunda- og kattahalds.

Sinni leyfishafi ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða beita þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um kærueimildir fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 783/2010 um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. júní 2025.

F. h. r.

Erla Arnardóttir.

Trausti Ágúst Hermannsson.

B deild - Útgáfudagur: 14. júlí 2025